



Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sauðárkróki 10. desember 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun. Þingskjal 362, 322. mál.

Byggðastofnun hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun. Byggðastofnun sendi inn umsögn um málið þann 6. október sl. Þegar drög að frumvarpinu voru lögð fram í samráðsgátt stjórnvalda.

Frumvarpið er lítið breytt frá drögunum sem kynnt voru í samráðsgátt í haust en skert hefur verið á aðgerðum til að ná markmiðum frumvarpsins í greinargerð þess m.a. hvað varðar að settur verði á fót verkefnasjóður um nýsköpun á landsbyggðinni og að mótuð verði umgjörð um stafrænar smiðjur. Framkvæmd þeirra aðgerða byggir á 9.gr. frumvarpsins þar sem segir: „Ráðherra er heimilt að gera samninga við opinbera aðila eða einkaaðila um framkvæmd ýmissa verkefna á sviði nýsköpunar.“

Byggðastofnun telur að það hefði styrkt verkefnasjóð um nýsköpun og á landsbyggðinni ef hans hefði verið getið sérstaklega í lögunum og staða hans þannig tryggð til lengri tíma.

Að öðru leyti vísar Byggðastofnun til fyrri umsagnar við frumvarpið sem er meðfylgjandi.

Virðingarfyllst
f.h. Byggðastofnunar

Aðalsteinn Þorsteinsson,
forstjóri



Sauðárkróki, 6. október 2020

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið hefur til umsagnar í Samráðsgátt mál nr.202/2020, drög að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun.

Með frumvarpinu er verið að breyta umgjörð í kringum opinberan stuðning við nýsköpun í landinu. Í markmiðsgrein frumvarpsins segir að markmið laganna sé að efla opinberan stuðning við nýsköpun á landinu, m.a. með „áherslu á nýsköpun á landsbyggðinni.“ Samkvæmt inngangi greinargerðar á að ná því markmiði með því að „framlög til og áhersla á nýsköpun á landsbyggðinni verði aukin í samvinnu við sveitarfélög, landshlutasamtök, atvinnulíf og þekkingarsamfélög á staðnum.“

Einnig kemur fram í greinargerðinni að „ýmis verkefni NMÍ sem snúa að stuðningi við nýsköpun á landsbyggðinni mætti tengja með beinni hætti við sóknaráætlanir landshluta og atvinnulíf á viðkomandi stöðum.“ Þá segir að leggja verði áherslu á að efla og þétta stuðningsnet nýsköpunar á landsvísu á forsendum landshlutanna sjálfra og í náinni samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga, atvinnulíf og menntakerfi á einstökum svæðum.

Þá segir í greinargerðinni: „Þá er lagt upp með að settur verði á fót verkefnasjóður fyrir nýsköpun í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga og sóknaráætlanir landshlutanna. Þessi verkefnasjóður er viðbót við þau verkefni og framlög sem nú eru til staðar á vegum sóknaráætlana landshlutanna.“ Einnig að „Unnið verði að sterkari umgjörð fyrir starfsemi stafrænna smiðja sem byggir á samvinnu atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og atvinnulífs.“

Í greinargerðinni segir að „nýsköpun komi við sögu á öllum sviðum samfélagsins“. Í því samhengi má nefna að nýsköpun á sér stað í þjónustu, stjórnun og í raun í öllum vísindagreinum, bæði raun- og hugvísindum. Þrátt fyrir það eru frumvarpsdrögin miðuð að stofnun einkahlutafélags með áherslu á stuðning við starfsemi frumkvöðla og fyrirtækja á sviði hátækni, verkfræði og skyldra greina.

Hægt er að benda á að nýsköpun getur verið svæðisbundin þ.e. að ný tækni, aðferð eða starfsemi verði til á svæði þar sem hún var ekki til fyrir. Byggðastofnun leggur áherslu á að þau atriði sem snúa að áherslu á nýsköpun í landsbyggðunum í samvinnu við heimamenn á hverjum stað, nýr verkefnasjóður á vegum sóknaráætlana landshluta og sterkari umgjörð um stafrænar smiðjur (Fab-Lab) gangi eftir. Í ljósi þess mikilvæga hlutverks sem smiðjunum er ætlað þarf að tryggja að þær verði staðsettar þannig að ekki verði óhæfilega langt að sækja í þær. Með öðrum orðum að þær nái að þjóna landinu öllu.

Byggðastofnun telur æskilegt að gert væri ráð fyrir verkefnasjóðnum í lagatextanum. Jafnframt því sem gert verði ráð fyrir fjármagni í hann í fjármálaætlun og í fjárlögum fyrir árið 2021. Þá er



lagt til að skoðað verði að sá hluti af starfsemi NMI sem hefur falist í stuðningi við frumkvöðla og sprotafyrirtæki verði færður ásamt fjármagni til landshlutasamtaka sveitarfélaga enda rímar sú starfsemi ákaflega vel við atvinnuþróunarstarfsemi sem rekin er innan landshlutasamtakanna á hverju svæði. Þá þarf einnig að skilgreina með hvaða hætti stafrænar smíðjur verða eflidar, með hvaða hætti þær verða reknar og á ábyrgð hverra. Í því sambandi er sérstaklega bent á samþættingu með starfi þekkingarsetra á landsbyggðinni sem fjármögnuð eru með sérstökum samningum á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Þann 18. september sl. samþykkti stjórn Byggðastofnunar eftirfarandi bókun vegna yfirstandandi vinnu við endurskoðun á stuðningi við nýsköpunar:

„Á vegum nýsköpunarráðherra stendur nú yfir vinna við endurmótun umhverfis nýsköpunar á Íslandi á grundvelli nýsköpunarstefnu sem kynnt var í október 2019. Í þeirri vinnu felst m.a. að Nýsköpunarmiðstöð Íslands verður lögð niður og verkefnum hennar komið fyrir annars staðar. Í stefnumótandi byggðaaáætlun fyrir Ísland fyrir árin 2018-2024 er lýst þeirri framtíðarsýn að Ísland verði í fararbroddi með nútímavinnviði, framsækna þjónustu, verðmætasköpun, jöfn lífsgæði og öflug sveitarfélög sem geti annast staðbundin verkefni og veitt íbúum hagkvæma og góða þjónustu með markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi og að nýjasta tækni tengi byggðir og Ísland við umheiminn í jafnvægi við umhverfið.

Stjórn Byggðastofnunar tekur undir með ráðherra í inngangi að Nýsköpunarstefnu fyrir Ísland, að nýsköpun er bæði grundvöllur efnahagslegrar velgengni um land allt og lykillinn að úrlausn margra af stærstu viðfangsefnum komandi áratuga. Byggðastofnun hefur skv. lögum nr. 106/1999 það hlutverk að gera samninga við landshlutasamtök sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélög um atvinnuþróun og nýsköpun á starfssvæði sínu. Stjórn Byggðastofnunar hvetur ráðherra til að huga vel að því í þeirri vinnu sem framundan er, að efla og þetta stuðningsnet nýsköpunar um allt land í samstarfi með atvinnuþróunarfélögum, landshlutasamtökum sveitarfélaga, Byggðastofnun og öðrum hagaðilum.“

Virðingarfyllt

f.h. Byggðastofnunar

Aðalsteinn Þorsteinsson,

forstjóri